

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun 54**  
**konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting á lögum um 27. febr.**  
**kosningar til alþingis, 14. sept. 1877.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 12. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt af síðasta alþingi, og er það efni lagafrumvarps þessa, að breyta þeirri ákvörðun í hinum nügildandi kosningalögum, að kjörskrárnar skuli gilda frá 1. júlí ár hvert til 30. júní árið eptir, í þá átt, að þær gildi frá 6. júní ár hver ttíl 5. júní næsta ár á eptir, og í samræmi við þetta er breytt tímaákvæðum um leiðrjetting skráanna og framlagning.

Eins og þjer, er þjer senduð lagafrumvarpið, hafið lagt það til, að frumvarpið hljóti staðfesting konungs, með því að það að yðar álitu hafi inni að halda hentuga breytingu á hinum nügildandi reglum, þannig hefur ráðaneytið heldur ekki fundið neitt móti aðalinnihaldi frumvarpsins að athuga. Að það samt eigi hefur getað orðið lagt til, að frumvarpið öðlist allrahæsta staðfestingu, er eingöngu því að kenna, að í frumvarpinu er fastákveðinn tími, er lögin skuli öðlast gildi, þ. e. 1. jan. 1892, en lagafrumvarpið barst eigi ráðaneytinu fyr en í desembermánuði f. á. — Jafnvel þótt konungsstaðfesting hefði getað fengizt fyrir árslok 1891, hefði eptir því fyrirkomulagi, sem er á póstsambandinu við Ísland, ekki verið mögulegt að senda lögin til Íslands fyrr en með póstskipi því, er fór hjedan 17. janúarmán.; eptir áætluninni átti það skip ekki að koma til Reykjavíkur fyrr en í janúarlok, og með því fyrirkomulagi landpóstanna, sem er, hefði því verið óvíst og sumpart með öllu ómögulegt, að því er snertir mikinn hluta landsins, að lögin hefðu getað orðið svo tímanlega kunn almennungi, að auðið hefði verið að fylgja þetta ár ákvæðum þeirra um leiðrjetting kjörskráanna í febrúarmánuði og um framlagning skráanna til sýnis með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara í tímabilinu frá 1. til 21. marz.

Þar sem ráðaneytið var þeirrar skoðunar, að rjett væri að fresta útkomu slikra laga þegar þannig var ástatt, og að þannig væri rjett, að lagafrumvarp þetta yrði ekki gjört að lögum, heldur að frumvarp sama efnis en með öðrum ákvæðum um hvenær lögin skyldu öðlast gildi yrði lagt fyrir næsta alþing, hefur ráðgjafinn allraþegnsamlegast lagt það til, að hið umrædda frumvarp hljóti ekki allrahæsta staðfestingu, og hefur hans hátign konunginum hinn 19. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á þá tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veiting 55**  
**Staðarhraunsprestakalls.** — Með skirskotun til þess, að neðri deild síðasta alþingis felldi frumvarp það, er lagt var fyrir þingið um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 23. f. m., vakið máls á því, að nú megi að ætlan yðar

12. dag aprilmán. 1892.

**55** ekki fresta lengur framkvæmd á breytingum þeim á Miklaholts-prestakalli, 29. febr. Hitarnesþingum, Staðarhraunsprestakalli og Borgarprestakalli, er fyrirskipaðar eru í 1. gr. 62—64 í prestakallalögum frá 1880, og að rjettast sje, að tjeð fyrir-mæli komist til framkvæmda frá næstu fardögum. Jafnframt hafð þjer látið í ljósi, að breytingarnar verði að yðar álitu að koma til framkvæmda þannig, að sóknarprestinum að Miklaholti sje fengin Kolbeinsstaðasókn gegn 400 króna árgjaldi til landssjóðs og gegn því að hann greiði tiltölulegan hluta af eptir-launum prestsekkju; að sóknarprestinum til Hitarnesþinga sje boðið að sleppa nýnefndri sókn, en aptur fengin Staðarhraunssókn í staðinn, gegn 500 kr. ár-gjaldsgreiðslu í landssjóð og með skyldu til að greiða uppgjafapresti Jónasi Guð-mundssyni tiltölulegan hluta eptirlauna, svo og vexti og afborganir af láni því, er Staðarhraunsprestakall hefur þegið af landssjóði, og loks að sóknarprestinum að Borg sje fengin Álptatungusókn, gegn því að hann greiði tiltölulegan hluta eptirlauna til nýnefnds uppgjafaprests, allt án auglýsingar fyrirfram eða hlut-töku af hálfu hlutaðeiganda safnaða. Í því tilliti hafð þjer tekið fram, að í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða sje gengið út frá því, að prestakall sje laust orðið, og eigi að veitast aptur, en að hjer standi svo á, að Staðarhraunsprestakall, sem laust er orðið, eigi ekki að veitast aptur, held-ur eigi ein af sóknum þess að sameinast við Akra- og Hjörtseyjarsóknir, önnur við Borgar- og Álptanessóknir, en í hinum tveimur fyrnefndu og hinum tveimur síðarnefndu sóknum sjeu skipaðir prestar; teljið þjer því sjálfsagt, að þessir prestar beint eptir lögum taki við sóknum þeim, sem þannig eiga að hafa prest sameiginlegan ásamt þeim sóknum, er þeim áður voru fengnar, með því að rjettur sá, sem söfnuðum er veittur til hluttöku í veitingu prestakalla með lögum 1886, geti að yðar álitu ekki haft nein áhrif á breyting þá á prestaköllum þeim, sem hjer er um að ræða, er ákveðin hafði verið með miklu eldri lögum. Samkvæmt þessu hafð þjer lagt það til, að útvegað verði konunglegt veitingabrjef fyrir Staðarhraunsprestakalli (Staðarhraunsprestakalli og Hjörtseyjarsóknum) til handa sóknarpresti til Hitarnesþinga, síra Stefáni Jóns-syni, með því að nefnt prestakall er meðal þeirra brauða á Íslandi, er kon-ungur veitir.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn verður að vera yður samdóma um það, að hjer sje ekki um veiting prestakalla að ræða, er laus eru orðin, heldur að eins um framkvæmd á lögboðinni breytingu á hinum umræddu presta-köllum, er hlutaðeigandi söfnuðir ekki geta átt neina hlutdeild í, og hefur ekk-ert fundizt að athuga við það, að breytingin sje framkvæmd eins og þjer legg-ið til, og sem að framan er greint. Ráðgjafinn hefur því lagt það til við hans hátign konungiinn, að síra Stefáni Jónssyni sje veitt Staðarhraunsprestakall, og hefur hans hátign hinn 27. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja þá tillögu.

Veitingarbrjefið er yður hjer með þjónustusamlega sent til þóknanlegrar ráð-stöfunar til hlutaðeiganda.<sup>1</sup>

1) Um veiting Vallanessprestakalls skírskotast til ástæðanna í þessu brjefi.